

Samtal við Gunnar Jóhannesson 26.júlí 2011.

Gunnar átti stóran þátt í að prófa og kom að lokahönnun þessara stöðva FF- 10

Góðan daginn félagar, ég heiti Gunnar Jóhannesson, geng undir nafninu Gunni Jó. Hér er ég með Grétari Felixsyni og sitjum við úti í Lávarðaherberginu og erum að spjalla um gamla daga og hvernig hlutir byrjuðu.

Nú, ég man nú ekki ártalið hvenær ég gekk í Flugbjörgunarsveitina, (júní 1961 GFF) en fyrsta æfingin mín var á Þingvöllum og það var Guðmundur heitinn frá Miðdal, sem benti Aðalsteini Kristinssyni félaga mínum á að ef við ætluðum að læra klifra þá skildum við fara á þessa æfingu. Það var ákveðið, og okkur var vel tekið þarna, mjög vel og við lærðum ýmislegt. Ég átti Dodge Weapon og kom hann að góðum notum. Nú, á þessum tíma voru einu talstöðvarnar sem að Flugbjörgunarsveitin hafði, voru neyðartalstöðvar sem að notaðar voru í fluginu. Það var á 121.5 mHz minnir mig, sem var mest notað. Þetta voru einu talstöðvarnar, og mér þótti þetta svolítið skítt að vera labba upp á fjöllum og hafa ekkert samband nema að vera í auglýsni við svona talstöð. Þú þurftir svona hér umbil að geta séð stöðina til að geta talað við manninn sem var með hana. Nú, en það voru talstöðvar í bílunum, og samband á milli okkar þannig, en ekki neina gönguflokka, samband við Gufunes og allt það. Nú, til að gera langa sögu stutta, ætla ég að byrja á svona hvernig burðartalstöðin kom til. Upphafið að því var að það var æfing á Hengli, við gengum yfir Hengilinn og höfðum hérna sjúkrakörfu með okkur, eða sjúkrabörur og það var ákveðið að bera einhvern þarna, einhvern spotta þarna á Henglinum. Heldurðu ekki að Stefán Bjarnason fái ekki sínadrátt, og hvað var gert? Honum var skellt á börurnar, þyngsti maðurinn í hópnum. Nú, yfir Hengilinn var burðast með þennan þunga mann og hérna síðan áttu Flugbjörgunarsveitar bílarnir þeir áttu að sækja okkur yfir í Grafninginn, Nesjavelli eða þarna austan við Hengilinn. Ég var með talstöð þarna eða við og það var ég sem var að reyna hafa samband við sjúkrabílinn, og það gekk auðvitað ekki neitt. En svo sé ég sjúkrabílinn, og hann er stopp og ekkert samband. Bílstjórinn kemur út og með samskonar talstöð og þá er samband og nú síðan er haldið áfram og þá er allt samband búið og þegar við eru komnir þarna niður, þá segi ég við einn ágætan mann, sem ég ætla nú ekkert að nafngreina, að þetta gangi ekki, að við verðum að geta haft samband okkar bíla og aðra og Gufunes, berandi þetta með okkur á bakinu eða hvernig sem það væri. Og ég nefndi að við gætum alveg útbúið svona stöð og það væri ekkert mál. Viðkomandi, ónefndur sagði „þetta er ekki hægt“, og af hverju ekki segi ég, það þarf svo mikið loftnet og jarðsamband. Málinu lokið, og ég hérna, það fauk í mig og varð hálf reiður en sagði ekki neitt, en þetta sauð í mér því ég hafði aldrei í mínu fagi, sem að var radió og allt sem því við kom, aldrei viðurkennt að eitthvað í því fagi væri ekki hægt. Það þurfti bara ákveðni og hugmyndaflug, og þá var hægt að framkvæma þetta. Nú framhaldið af minni reiði er það að ég tala við formann Flugbjörgunarsveitarinnar og segi honum hvað okkur hafi farið á milli og segi honum jafnfram að þetta sé hægt. En það þurfi leyfi frá Landsímanum til að gera eitthvað í málunum. Það sem ég vildi gera var að fá leyfi til að smíða burðartalstöð. Hann formaðurinn Sigurður heitin Þorsteinsson, hann fékk fund með Sigurði Þorkelssyni yfirverkfræðingi Landsímans og við förum tveir þangað, það er þá sem betur fer einnig mættur Ríkharður Sumarliðason verkstjóri á radióverkstæði Landsímans. Við

ræðum þessi mál og þeim líst ekkert illa á þessa hugmynd mína um að útbúa talstöð til að bera á bakinu, til að hafa samband við Gufunes radió og vera á þeirri bylgju. En ég fengi alls ekki að smíða talstöð, vegna þess að það væri í verkahring Landsímans og þeir hefðu einkaleyfi á því. Það kom svona í rauninni „því miður“, inn í þetta að ég gæti ekki fengið að smíða talstöðvar. En Sigurður Þorkelsson verkfræðingur hann fól Ríkharði Sumarliðasyni að vinna með mér í að gera eitthvað í málunum. Og, fundi lokið. Nú við Sigurður Þorsteinsson vorum ósköp ánægðir með þessi úrslit upp að vissu marki og mér er falið þar að tala við Ríkharð Sumarliðason og gera eitthvað í þessu alvarlega eins og ég vildi hafa það. Nú Ríkharður segir, við eigum gamlar fuglabjargarstöðvar, það eru lampatalstöðvar með þurr-rafhlöðum, það voru 90 volt með 1.5 v á glóðina og svo 44 volta batterí líka. Þetta voru auðvitað eyðslufrekar stöðvar og fuglabjargar menn voru ekkert áfjádír í að nota þetta, svoleiðis að þetta var bara rusl þarna hjá Símanum. Ég fæ eina stöð, og ég grúska í henni, Ríkharður sagði að ég mætti gera hvað sem ég vildi, ég gerði það. Eftir viku, þá er ég heima hjá mér í Nökkvavoginum, var að fara til Keflavíkur, ég henti vírspotta upp í tré og byrja nú á því að hlusta, ég var búinn að tala við Geira heitin Geirs á R-82, hann var á Kambabrún, ég gef honum kall, viti menn það var svar. Hann heyrði prýðilega í mér, frá Reykjavík og upp á Kambabrún, en þetta var með loftneti þó það væri bara vírspotti og jarðsambandi í ofninn heima. Nú, við vissum að þetta virkaði allavega svona, þetta var viku eftir fundinn sem að við áttum með Landsímanum. Þar með var komin talstöð, en það var eftir að koma henni á burðarstöð og finna út ein hvert loftnet sem að passaði við þetta. Nú, ég var ósköp ánægður með þetta hélt áfram minni vinnu, fór í Sölunefnd Setuliðseigna fékk þar burðargrind úr tré eins og þær voru í þá daga og skriðdreka loftnet það var saman brotið loftnet með gormi í og fór lítið fyrir, þetta var ágætis stöng þegar var búið að setja hana saman og ég fæ mér spólu og gekk frá þessu á burðargrind, ég hengdi þetta á grindverk heima fyrir utan húsið, og fíkraði mig áfram með þetta, fíktaði í þessu og fann út hvernig hægt væri að gera þetta. Síðan prófaði ég þetta við Gufunes, og það er allt í lagi, þeir heyrdú vel í þessu. Þetta var viku eftir fyrstu prófunina og þar með tvær vikur frá fundi við Landsímamann var komin talstöð á burðargrind og tilbúinn til þess að bera. Ég var ósköp ánægður með þetta, ég prófaði þetta auðvitað svolítið meira, prófaði þetta á baki á öðrum. Sjóklæðagerðin saumaði poka utan um þetta sem að var vatnspéttur og svoleiðis upp að vissu marki. Og við þetta var bara heyrnartól og microfónn. Skiptari var á stöðinni til að skipta frá sendingu yfir í móttöku. Fyrsta virkilega prófunin var æfing á Þingvöllum, það var ákveðið að fara á Þórisjökul og auðvitað var talstöðin með, og það er auðvitað farið að prófa, og það var ekkert mál að hafa samband við Gufunes ofan af Þórisjökli og Flugbjörgunarsveitar bílana niður á Þingvöllum. Nú, það voru allir hæst ánægðir, það bjóst engin við neinum kraftaverkum út úr þessu, en það var komið samband og þarna, þetta er fyrsta ferðin sem að við förum með burðatalstöð, og ég held að þetta sé fyrsta burðatalstöð á Ísland, þar að auki, til að bera svona á bakinu og geta haft samband við Gufunes og bíla. Nú, fyrsta burðatalstöðin komin og Ríkharður Sumarliðason verkstjóri hjá Radióverkstæðinu hann var mjög áhugasamur í þessu og ég hafði samband við hann og sagði honum að þetta gengi bara prýðilega en þetta væri náttúrulega eyðslufrekt á batterí og slíkt á þessari transistor öld sem að við voru komi inn í þá, sem var nú tiltölulega ný byrjuð, virkileg transistor öld, en ég fékk aðra talstöð, samskonar fuglabjargar stöð, og breytti henni, sem var nú lítið mál þegar sú fyrri var komin vissi ég nákvæmlega hvað þurfti að gera við þá seinni. Og hún er sett á

burðargrind og einhver saumaði poka utan um hana. Þar með höfðum við tvær stöðvar, en þegar ég talaði þarna áður um heyrnartól og microphone að microfónnin það var bara hálft heyrnartól. Það var ekki bara venjulegur kolamikrófónn heldur bara heyrnartól sem ég notaði sem mikrofón og gekk mjög vel. Upp úr þessu, þetta er notað í töluvert langan tíma, þessar tvær stöðvar, þessar einu sem voru til. En upp úr þessu, þegar vaknar áhugi hjá Ríkharði, verkstjóra hjá Símanum, að gera transistor stöðvar. Á þessum tíma eru þeir að smíða transistor stöðvar fyrir trillubáta, en leigan á þeim frá Símanum var svo dýr, að trillukarlarnir höfðu ekki efni á að hafa þessar talstöðvar sem öryggistæki. En seinna meira þá hefur Ríkharður samband við mig. Hann spyr mig hvort ég geti prófað svona stöð fyrir sig með loftneti. Nú ég sagði að það væri ekkert mál, en einhver annar var búinn að vera prófa svona stöð

Ég geri bara allt tilbúið fyrir allskonar loftnet hann bað mig um að prófa allar gerðir af loftnetum sem var hægt að burðast með og Gufunes radió myndi mæla styrkleikan, og hann mundi mæla einnig heima hjá sér, hann átti heima í Vesturbænum. Nú, ég og Sigurður Waage förum upp í Jósefsdal þarna erum við innilokaðir af fjöllum svoleiðis að það var ekki um neina jarðbylgju að ræða. Og þarna prófa ég allskonar loftnet.

Frá undirrituðum:

Þessar talstöðvar gjörbreyttu og flýttu fyrir öllum boðskiptum leitarflokka milli bíla og loftskeytastöðva sem höfðu ekki verið til áður, hér á landi. Það er ekki fyrr en upp úr 1970 að CB talstöðvar á 27 mHz, bæði bíl og handstöðvar komu til sögunnar. Eftir 1980 eru VHF talstöðvar teknar í notkun og endurvarpar fyrir þær settir á hæstu fjöllum. Það var álíka mikil bylting fyrir björgunaraðila og þessar stöðvar sem Gunni Jó lýsir hér í þessari grein.

Desember 2023

Sigurður Harðarson rafeindavirki og félagi í Flugbjörgunarsveitinni frá 1964.